

Foreldrafélag Glerárskóla

14. október 2015

Mættir: Aníta, Brynja, Vilborg, Sigurlaug og Líney.

Fundur með bekkjaráðunum, mættir alls 24 fulltrúar.

1. Aníta setti fundinn. Talaði um að bekkjaráðin haldi tvo hittinga með bekkjunum fram að áramótum.
2. Hvert og eitt bekkjaráð fékk upplýsingablað þar sem fram kemur hverjir eru í hinum bekkjaráðunum. Einnig hugmyndir um hvað er hægt að gera með bekkjunum.
3. 500 krónur greiðast inn í bekkjaráðin með hverju barni og ef peningarnir eru ekki allir notaðir fara þeir aftur til baka til foreldrafélagsins eftir veturinn.
4. Þegar bekkjaráðin hafa ákveðið dagskrá vetrarins senda þau hana á Brynju ritara. Einnig eiga bekkjaráðin að láta Brynju vita þegar bekkurinn hefur hist og gert eitthvað saman.
5. Jólaföndrið verður þann 28. nóvember. Vorhátíðin var á skólatíma síðast og heppnaðist hún vel og voru nemendur virkir. Foreldrafélagið mælir með að hátíðin verði með sama sniði og síðast.
- Á fundinum kom fram ósk um að halda vorhátíðina viku fyrr þar sem margt var að gerast í skólanum á sama tíma, foreldrasamtöl og fleira.
6. Rætt að fækka stöðvunum á jólaföndrinu en það verður ákveðið á næsta fundi (jólafundur með bekkjaráðunum) sem verður 16. nóvember kl. 20.

Fundi með bekkjaráðunum slitið en stjórn foreldrafélagsins fundaði áfram

1. Aníta ræddi um fyrirlestur eftir áramót, spurning að fá Soffíu til að vera með fyrirlestur fyrir foreldra.
2. Foreldrafélagið ætlar að kanna hvað kostar að setja margföldunartöfluna í tröppur skólans niður í matsal. Aníta ætlar að fara í málið.
3. Næstu fundir ákveðnir 16. nóvember kl. 20 og svo 4. janúar kl. 20.

Fleiri mál ekki rædd og fundi slitið, Líney Elíasdóttir